

**Fréttatilkynning vegna ársreiknings Sorpu b.s. fyrir árið 2007, sem samþykkt var af stjórn samlagsins þann 25. febrúar 2008.**

Sorpa b.s. er byggðasamlag, sem stofnað er í samræmi við ákvæði VII kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (áður IX kafla laga nr 8/1986) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast sorpeyðingu fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Sveitarfélögin, sem aðild eiga að byggðasamlaginu, bera "in solidum" einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum.

**Niðurstöður:**

Hagnaður Sorpu b.s. á árinu 2007 nam 161,3 millj.kr. en var 10 millj.kr. árið 2006. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir nam 307,2 millj.kr. á árinu 2007 en var 178,3 millj.kr. á árinu 2006. Rekstrartekjur samlagsins námu 2.006,2 millj.kr. árið 2007 samanborið við 1.694,7 millj.kr. árið 2006 sem er 18,4% hækkun. Rekstrargjöld, án afskrifta og fjármagnsliða voru 1.699,1 millj.kr. samanborið við 1.516.4 millj.kr. 2006 og er hækkunin 12%.

Heildareignir samlagsins 31. desember 2007 námu 1.824 millj.kr. og heildarskuldir 725,3 millj.kr. Eigið fé 31. desember 2007 var 1.098,7 millj.kr. og hafði aukist um 164 millj.kr. frá því í upphafi árs. Eiginfjárhlutfall var um 60% en var í lok síðasta árs um 52%.

Handbært fé frá rekstri á árinu 2007 var 262,8 millj.kr. en var árið 2006 91,9 millj.kr. Veltufjárhlutfall í árslok 2007 var 1,46 og handbært fé nam 260,8 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar ársins 2007 námu 15,6 millj.kr. og fjármögnunarhreyfingar tæpar 125,8 millj.kr.

**Reikningsskilaaðferðir:**

Ársreikningur Sorpu b.s. er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sorpu b.s.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sorpu b.s. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda.

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við endurskoðunarstaðla á Íslandi. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álitum okkar á.

## Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Lykiltölur úr ársreikningum***fjárhæðir í þús.kr.*

<b>Rekstrarreikningur:</b>	2007	2006	2005	2004	2003
Rekstrartekjur.....	2.006.247	1.694.678	1.498.832	1.341.938	1.221.589
Rekstrargjöld.....	1.699.081	1.516.419	1.332.668	1.193.645	1.089.635
Hagnaður f. afskriftir.....	307.167	178.259	166.164	148.293	131.954
Afskriftir.....	147.568	105.567	97.966	69.707	56.380
Hagnaður f. fjárm.liði .....	159.598	72.693	68.198	78.586	75.574
Fjármagnsliðir.....	1.673	(62.673)	(13.488)	(24.703)	(47.412)
Hagnaður (tap) ársins.....	161.272	10.020	54.710	53.883	28.162
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir.....	1.242.915	1.372.561	1.294.154	1.467.814	1.403.467
Veltufjármunir.....	581.080	420.724	291.318	228.286	236.011
Eignir samtals.....	1.823.995	1.793.284	1.585.471	1.696.100	1.639.478
Eigið fé .....	1.098.654	933.644	920.066	862.021	796.899
Langtímaskuldir.....	327.026	459.574	377.223	575.728	694.040
Skammtímaskuldir.....	398.315	400.066	288.182	258.351	148.539
Eigið fé og sk. samtals.....	1.823.995	1.793.284	1.585.471	1.696.100	1.639.478

**Sjóðstreymi:**

Handbært fé frá rekstri.....	262.809	91.903	172.382	143.890	165.274
Fjárfestingahreyfingar.....	(15.594)	(177.559)	(117.050)	(11.843)	(95.496)
Fjármögnunarahreyfinga.....	(125.819)	103.961	(228.699)	(40.796)	(14.807)
Hækkun(lækkun)á handbæru fé..	121.397	18.305	(173.367)	91.251	54.971
Handbært fé í upphafi árs.....	139.412	121.106	294.473	203.222	28.083
Handbært fé í lok árs .....	260.808	139.412	121.106	294.473	83.055

**Helstu kennitölur félagsins**

Veltufjárhlutfall .....	1,46	1,05	1,01	1,70	1,59
Eiginfjárhlutfall.....	60,23%	52,06%	58,03%	50,82%	48,61%
Arðsemi eigin fjár .....	15,87%	1,08%	6,14%	6,50%	3,60%
Meðalfj. starfsmanna.....	96	90	85	85	82

Reykjavík, 25 febrúar 2008

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir, löggiltur endurskoðandi

Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi

**Horfur:**

Rekstur Sorpu b.s. á árinu 2007 er að mestu í samræmi við áætlanir samlagsins fyrir utan fjármagnsliði og er ekkert sem bendir til annars en að rekstur ársins 2008 verði í samræmi við áætlanir fyrir árið 2008.